

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

209

16. des.

Samkvæmt tillögu bæjarstjórnar Reykjavíkur hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Bifreiðastöður bannaðar á eftirgreindum götum:
Birkimel, beggja megin götunnar.
Lindargötu, sunnan megin götunnar, milli Ingólfsstrætis og Klapparstígs.
Skólavörðustíg, norðan megin götunnar frá Vegamótastíg að Týsgötu.
2. Stöðvunarskylda á Bjargarstíg við Bergstaðastræti, austan megin götunnar.
3. Stöðumælar settir upp á eftirgreindum stöðum.
Pósthússtræti, vestan megin götunnar, milli Kirkjustrætis og Vallarstrætis.
Píngholtsstræti, milli Bankastrætis og Amtmannsstígs.
Skólavörðustíg, sunnan megin götunnar, milli Bergstaðastrætis og Óðinsgötu.
Klapparstíg milli Laugavegar og Grettisgötu.
Lindargötu, norðan megin götunnar, milli Ingólfsstrætis og Skuggasunds.

Þetta tilkynnist hér með öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 16. desember 1961.

Sigurjón Sigurðsson.

HÚSAGERÐARSAMÞYKKT

fyrir Búnaðarsamband Eyjafjarðar.

210

18. des.

I. KAFLI

Takmörk samþykktarsvæðis og markmið.

1. gr.

Samþykktarsvæðið nær yfir sambandssvæði Búnaðarsambands Eyjafjarðar.

2. gr.

Tilgangur samþykktarinnar er:

1. Að vinna að því að byggður verði, eftir því sem við verður komið, sá húsa-kostur, er þarf fyrir búrekstur á jörðum á sambandssvæðinu.
 Byggingar þær, sem samþykkt þessi nær til eru:
 - a) Íbúðarhús.
 - b) Peningshús.
 - c) Hlöður og votheystóftir.
 - d) Þvaggryfjur, safnþrær og haughús.
 - e) Geymsluhús.
2. Að stuðla að því með félagslegu samstarfi, að bændur geti komið byggingunum upp á ódýran hátt, en þær séu þó varanlegar og hagkvæmar fyrir búrekstur á jörðunum.